

**Menntaskólinn við Hamrahlíð**  
02 304

**Ársreikningur 2020**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Menntaskólinn við Hamrahlíð**  
**kt. 460269-3509**  
**Hamrahlíð 10, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn við Hamrahlíð (MH) er ríkisskóli sem starfar samkvæmt íslenskum framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 1.789,3 milljónir og afkoma kr. 18,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 64,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 213,8 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans við Hamrahlíð í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans við Hamrahlíð fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Steinn Jóhannsson

Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.702.417.534	1.675.345.213
Aðrar tekjur .....		12.183.000	12.858.000
Seld þjónusta .....	3	5.595.123	8.058.775
Vörusala .....		13.489.500	14.907.600
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	41.118.642	17.239.699
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	14.487.340	14.076.145
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.789.291.139</b>	<b>1.742.485.432</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	1.259.325.135	1.223.569.960
Annar rekstrarkostnaður .....	6	496.899.839	508.204.243
Afskriftir .....	7	14.487.340	14.076.145
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.770.712.314</b>	<b>1.745.850.348</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>18.578.825</b>	<b>(3.364.916)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		20.490	28.945
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		0	(1.032)
		<b>20.490</b>	<b>27.913</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>18.599.315</b>	<b>(3.337.003)</b>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		54.512.634	47.615.496
Aðrar eignir .....		1.200.000	1.200.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>55.712.634</u>	<u>48.815.496</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		3.481.109	0
Tengdir aðilar .....	9	84.200.077	86.389.129
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	1.938.843	2.416.326
Handbært fé .....	11	68.514.108	47.299.509
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>158.134.137</u>	<u>136.104.964</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>213.846.771</u>	<u>184.920.460</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	12		
Hrein eign .....		64.197.053	45.597.738
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>64.197.053</u>	<u>45.597.738</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	104.049	1.144.993
Viðskiptaskuldir .....		6.636.765	13.111.449
Ýmsar skammtímaskuldir og fyrirfram innheimt .....	13	88.922.204	76.792.240
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	14	53.986.700	48.274.040
<b>Skuldir samtals</b>		<u>149.649.718</u>	<u>139.322.722</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>213.846.771</u>	<u>184.920.460</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	15		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		18.599.315	(3.337.003)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	14.487.340	14.076.145
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(14.487.340)	(14.076.145)
		<u>18.599.315</u>	<u>(3.337.003)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(3.003.626)	(721.836)
Tengdir aðilar .....		(36.370)	(894.604)
Birgðir .....		0	(7.688.449)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5.655.280	19.083.141
		<u>2.615.284</u>	<u>9.778.252</u>
		<u>21.214.599</u>	<u>6.441.249</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(21.384.478)	(20.594.604)
		<u>(21.384.478)</u>	<u>(20.594.604)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		1.184.478	894.604
Fjárfestingarframlag .....		20.200.000	19.700.000
		<u>21.384.478</u>	<u>20.594.604</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		21.214.599	6.441.249
		<u>47.299.509</u>	<u>40.858.260</u>
		<u>68.514.108</u>	<u>47.299.509</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2020	2019
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	1.702.417.534	1.675.345.213
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	14.487.340	14.076.145
	<u>1.716.904.874</u>	<u>1.689.421.358</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	1.597.000.000	0	0	1.597.000.000
Fjáraukalög 5 .....	(6.200.000)	0	0	(6.200.000)
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	111.617.534	0	0	111.617.534
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>1.702.417.534</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.702.417.534</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ....	(1.683.818.219)	0	0	(1.683.818.219)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>18.599.315</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>18.599.315</b>

	2020	2019
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	1.511.865	1.647.500
Ýmsar þjónustutekjur .....	583.549	378.924
Veitinga- og gistiþjónusta .....	3.185.709	5.628.351
Fræðslustarfsemi og fundir .....	314.000	404.000
	<u>5.595.123</u>	<u>8.058.775</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	1.065.545	1.350.175
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	11.280.000	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	28.335.897	14.862.394
Ýmsar tekjur .....	437.200	1.027.130
	<u>41.118.642</u>	<u>17.239.699</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.019.150.285	978.922.090
Orlof, breyting .....	556.567	14.882.950
Launatengd gjöld .....	234.157.816	226.770.283
Starfsmannakostnaður .....	5.460.467	2.994.637
	<u>1.259.325.135</u>	<u>1.223.569.960</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	102,9	105,0

## Skýringar

	2020	2019
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.260.940	5.101.562
Byggingarvörur, almennar .....	26.363	98.212
Byggingarvörur, aðrar .....	181.638	93.013
Ýmis tæki og áhöld .....	5.274.316	2.654.489
Orkugjafar .....	10.437.428	10.951.779
Matvæli .....	6.269.549	9.123.889
Almennar rekstrarvörur .....	4.366.366	3.198.471
Vörukaup, almenn	29.816.600	31.221.415
Kennslu- og föndurvörur .....	1.975.751	2.780.085
Ýmsar sérgreindar vörur .....	499.843	346.348
Vörukaup, sérgreind	2.475.594	3.126.433
Fundir, námskeið, risna .....	476.676	817.218
Ferðir, uppihald .....	1.858.557	4.720.375
Akstur .....	1.253.885	3.984.631
Sérfræðiþjónusta .....	134.099.279	151.476.812
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	609.356	392.781
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	1.600.890	616.051
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	1.273.517	1.788.686
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	141.172.160	163.796.554
Afnotagjöld .....	9.348.624	4.316.738
Leigugjöld .....	301.069.466	293.495.761
Notkun véla og flutningatækja .....	1.304.428	1.204.639
Verkkaup .....	10.124.112	9.594.412
Kostnaðarhlutdeild .....	1.253.606	1.427.091
Opinber gjöld .....	112.800	0
Tilfærslur .....	27.000	21.200
Tapaðar kröfur .....	195.449	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	323.435.485	310.059.841
Annar rekstrarkostnaður samtals	496.899.839	508.204.243
	<b>2020</b>	<b>2019</b>
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	14.467.615	14.076.145
Sölutap og úreltar eignir .....	19.725	0
	14.487.340	14.076.145

## Skýringar

	31.12.2020	31.12.2019
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	54.512.634	47.615.496
Aðrar eignir .....	1.200.000	1.200.000
	<u>55.712.634</u>	<u>48.815.496</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2020 .....	115.917.182	1.200.000	117.117.182
Viðbætur á árinu .....	21.384.478	0	21.384.478
Selt/niðurfært á árinu .....	(1.189.941)	0	(1.189.941)
	<u>136.111.719</u>	<u>1.200.000</u>	<u>137.311.719</u>
Afskriftir 1.1.2020 .....	68.301.686	0	68.301.686
Selt/niðurfært á árinu .....	(1.170.216)	0	(1.170.216)
Afskrift ársins .....	14.467.615	0	14.467.615
	<u>81.599.085</u>	<u>0</u>	<u>81.599.085</u>
Staða 31.12.2020 .....	<u>54.512.634</u>	<u>1.200.000</u>	<u>55.712.634</u>

## 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	84.200.077	86.389.129
	<u>84.200.077</u>	<u>86.389.129</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	104.049	1.144.993
	<u>104.049</u>	<u>1.144.993</u>

## 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	116.235	693.208
Skattar .....	1.822.608	1.723.118
	<u>1.938.843</u>	<u>2.416.326</u>

## 11 Handbært fé

Tékkareikningar .....	25.119.957	25.901.339
Sparisjóðsreikningar .....	43.394.151	21.398.170
	<u>68.514.108</u>	<u>47.299.509</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 6,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	45.597.738	48.934.741
Afkoma ársins .....	18.599.315	(3.337.003)
Jöfnuður 31.12. ....	64.197.053	45.597.738

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
<b>13 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	61.863.661	67.661.414
Önnur ógreidd gjöld .....	27.058.543	9.130.826
	88.922.204	76.792.240

### 14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	55.712.634	48.815.496
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(1.725.934)	(541.456)
	53.986.700	48.274.040

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020 .....	48.815.496	(541.456)	48.274.040
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	20.200.000	20.200.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	21.384.478	(21.384.478)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(14.487.340)	0	(14.487.340)
	55.712.634	(1.725.934)	53.986.700

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 10,4 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

## Skýringar

### 15 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 319,9 milljónum. Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um þjónustu og nema árlegar greiðslur kr. 11,1 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.